

Miðvikudaginn 3. október 1962.

Nr. 185/1961. **Guðlaugur Einarsson og
Svanlaug Þorgeirsdóttir**
(Guðlaugur Einarsson hdl.)

gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgar-
sjóðs** (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksgerð dæmd ómerk.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður og eiginkona hans, Svanlaug Þorgeirsdóttir, hafa með stefnu 13. desember 1961 skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var af fulltrúa borgarfógeta Hirti Hjartarsyni hinn 30. október 1961 eftir kröfu stefnda. Krefjast áfrýjendur þess, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að honum verði dæmd sýkna. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Atvik málsins eru þau, að haustið 1961 hafði stefndi sent fógeta til lögtaks útsvarskröfu á hendur áfrýjanda Guðlaugi fyrir árið 1961, að fjárhæð kr. 12.600.00. Hinn 30. október 1961 ók fógeti að húsinu nr. 78 við Laugarnesveg, þar sem áfrýjendur eiga heimili. Ekki var þeim gert við vart um komuna, en fógeti skipaði Hörð Jónasson, innheimtumann Reykjavíkurborgar, er með honum var í bifreiðinni, réttargæzlumann áfrýjanda Guðlaugs. Setti fógeti rétt í bifreiðinni, og eftir tilvísun Harðar lýsti hann yfir lögtaki í eignarhluta „gerðarþola í húseigninni nr. 78 við Laugarnesveg“, til tryggingar útsvarsskuldinni auk dráttarvaxta og kostnaðar. Er húshluti þessi þinglesin eign áfrýjanda Svanlaugar. Áfrýjanda Guðlaugi var tilkynnt lögtaksgerðin með bréfi starfsmanns stefnda, dags. 31. október

1961. Áfrýjaði hann gerðinni hinn 13. desember s. á., eins og fyrr greinir. Hinn 30. sama mán. greiddi hann útsvarsskuldina að fullu, en gerði jafnframt fyrirvara um, að hann mundi halda fram áfrýjun máls þessa.

Af hálfu áfrýjenda er því lýst, að þau hafi bæði verið á heimili sínu, er lögtaksgerðin fór fram, en ekki um hana vitað, fyrr en áfrýjanda Guðlaugi barst framangreind tilkynning. Telja þau framkvæmd lögtaksins andstæða lögum, og beri því að fella hana úr gildi.

Stefndi reisir frávisunarkröfu sína á því, að með greiðslu útsvarsskuldarinnar sé lögtakið niður fallið og áfrýjun því þarflaus. Það er að visu rétt, að með greiðslunni er lögtakið leyst af húshlutanum, sbr. 10. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. En þar sem framangreindur fyrirvari var gerður og úrlausn þess, hvort lögtaksgerðin hafi verið lögmat, skiptir áfrýjendur máli að lögum, þá verður frávisunarkrafan ekki tekin til greina.

Rök fyrir sýknukröfu stefnda eru þau, að áfrýjandi Guðlaugur hafi, áður en lögtaksgerðin fór fram, beðið fulltrúa borgarfógeta, er annast lögtaksgerðir við innheimtu bæjar-gjalda, að koma ekki inn á heimili sitt í lögtakserindum. Af þeim sökum hafi fógeti brugðið út af venju um framkvæmd lögtaksins, og megi telja, að áfrýjandi Guðlaugur hafi samþykkt afbrigðin. Í máli þessu hefur áfrýjandi Guðlaugur hins vegar neitað því, að hann hafi borið slík til-mæli fram við fógetafulltrúana, og er staðhæfing stefnda um þetta ósönnuð.

Þar sem fógeti neytti ekki um framkvæmd lögtaksins heimildar 2. gr. laga nr. 108/1950, þá bar honum, eins og á stóð, að hefja lögtaksgerðina á heimili áfrýjanda Guðlaugs og veita honum eða þeim, sem þar kæmi fram fyrir hans hönd, kost á að greiða útsvarskröfuna eða vísa ella á eignir til lögtaks, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 og 33.—35. gr. og 24. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Fógeti fór ekki eftir þessum reglum, og verður að telja það slíkan galla á framkvæmd lögtaksins, að ómerkja ber umrædda dómsathöfn samkvæmt kröfu áfrýjenda.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn á vera ómerk.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði áfrýjendum, Guðlaugi Einarssyni og Svanlaugu Þorgeirsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómþing í fógætadómi Reykjavíkur 30. október 1961.

Ár 1961, mánudaginn 30. október, var fógetaréttur Reykjavíkur setur í húsinu nr. 78 við Laugarnesveg í Reykjavík og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Hirti Hjartarsyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkerans í Reykjavík, en á ábyrgð bæjarsjóðs, að gera lögtak hjá Guðlaugi Einarsyni s. st. til tryggingar ógoldnu útsvari til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1961, kr. 12.600.00 auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram nr. 1, beiðni um gerðina, og nr. 2, útsvarseðil. Skjölín hljóða svo:

Nr. 1 og 2. Fylgja með í afritum.

Gerðarþoli er eigi sjálfur mættur í réttinum, en mættur er að tilhlutan fógeta Hörður Jónasson, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafið gjald, en hann kvaðst eigi geta greitt.

Skoraði fógeti þá á mættan að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir honum að segja satt og hverju það varðaði að lögum að skýra rangt frá fyrir rétti.

Áður en uppskriftin byrjaði, unnu vottarnir svohljóðandi heit:

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar og virðingarmenn við fógetagerð þessa, heitum því, að viðlögðum drengskap okkar, að vinna verk þetta eftir beztu samvizku og þekkingu.

Síðan voru eftir tilvísun mætta eftirtaldir munir skrifaðir upp.

Eignarhluti gerðarþola í húseigninni nr. 78 við Laugarnesveg. Fallið frá virðingu.

Lýsti fógeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í ofangreind-

um eignum gerðarpóla til tryggingar framangreindri útsvarskuld auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fógeti þá fyrir mættum að tilkynna gerðarpóla lög-takið og að eigi mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 5. október 1962.

Nr. 72/1962. **Anton Högnason** (Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fébotamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. apríl 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1962. Hefur hann fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Kröfur hans eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 140.-440.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. maí 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. málf lutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og skipaðs talsmanns hans í Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Vitnaskýrslur eru ósamhljóða um, hvort áfengisáhrif hafi mátt sjá á áfrýjanda fyrstu tímana eftir hádegi hinn 12. nóvember 1957. Í dómi 15. október 1958 taldi Hæstiréttur því eigi sannaða sök á hendur áfrýjanda um brot gegn